

Fundargerð

Fundur hjá Íþrótt- og tómstundaráði 20.09.2001. kl.17:05.

Mættir: Svanur Snæþórsson, Oddur Skúlason, Aðalbjörn Arnarsson, Ragnar Már Sigfússon, Karen Konráðsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Magnús Már Þorvaldsson.

Dagskrá.

1. Mál. Starfsmannahald.

Oddur Skúlason gerði grein fyrir þeim breytingum sem stendur til að gera. Tillögurnar voru ræddar og er um að ræða lækkun á stöðugildum úr 2,8 í 1,8.

2. Mál. Morgunsund.

Ef áðurnefndar breytingar á starfsmannahaldi taka gildi verður ekki starfsmaður í húsinu fyrr en kl. 08:00 á morgnanna. Um er að ræða ákveðinn hóp fólks sem sækir morgunsund og er talið skynsamlegast að gera undirritaðan samning við hópinn um að þau beri ábyrgð á húsinu og sjálfum sér meðan á morgunsundi stendur. Ákveðið er að hafa reynslutíma á breyttum stöðugildum. Verður það mál því endurskoðað í árslok 2001.

3. Mál. Ráðning forstöðumanns.

Varðandi ráðningu væntanlegs forstöðumanns hefur nefndin ákveðið að hafa ekki ákveðinn ráðningartíma heldur verður forstöðumanni gert skylt að gefa nefndinni skýrslu einu sinni í mánuði um gang mála í húsinu. Þannig er starf forstöðumanns sífellt í mati. Nefndin stefnir jafnframt á að funda einu sinni í mánuði og taka þá skýrsluna fyrir.

4. Mál. Verðskrá.

Verðskrá hússins er til umræðu, ákveðið er að hækka hana. Gildistími korta á að vera 1 ár frá útgáfudegi. (Íþróttasal og sund)

Þegar hér er komið við sögu víkja Oddur Skúlason og Svanur Snæþórsson af fundi.

5. Mál. Ráðning forstöðumanns.

Nefndin hefur ákveðið að mæla með Eypóri Atla Jónssyni í starf forstöðumanns. Sveitarstjóra er gert að þakka öðrum umsækjendum fyrir áhuga þeirra á starfinu.

6. Mál. Þórsver.

Varðandi mál Þórsvers telur nefndin að þar sem Eypór yrði væntanlega leystur frá Þórsveri verði að ráða sem fyrst í hans stað. Þar sem Kristján Gunnarsson skilaði inn umsókn teljum við vænlegan kost að bjóða honum umsjón Þórsvers og jafnvel afleysingavinnu í Verinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Karen Rut Konráðsdóttir, ritari.